



LANDSBRÉF

Landsbréf - BUS I
Fagfjárfestasjóður

Ársreikningur 2016

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2016

	Skýr.	2016
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vextir.....		2.602
Verðbætur *.....		8.034
	Heildartekjur	<u>10.636</u>
Gjöld		
Umsýsluþóknun rekstrarfélags	1.3	70
Vextir og verðbætur.....		10.600
	Heildargjöld	<u>10.670</u>
Hreinar tekjur		(34)
Gengisbreytingar eigna		0
	Tap ársins af rekstri sjóðsins	<u>(34)</u>
Hrein eign í byrjun árs		0
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini.....		1.000
	Hækkun á fjármögnunarhreyfingum	<u>1.000</u>
Hrein eign í lok ársins		<u><u>966</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016
Eignir		
Fjárfestingar	3	
Framseljanleg verðbréf		<u>3.147.390</u>
Fjárfestingar samtals		3.147.390
Aðrar eignir		
Reiðufé	1.6	966
Aðrar eignir		<u>70</u>
Aðrar eignir samtals		1.036
Eignir samtals		<u>3.148.425</u>
Skuldir		
Skuld við rekstrarfélag		70
Útgefið skuldabréf.....		<u>3.147.390</u>
Skuldir samtals		3.147.459
Hrein eign		<u>966</u>
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		1.000.000
Gengi hlutdeildarskírteina		0,966

1. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglur FME um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða ásamt reglum FME um ársreikninga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Landsbréf - BUS I er fagfjárfestastjóður í rekstri Landsbréfa hf. og sem slíkur hluti af ársreikningi Landsbréfa hf. B-hluta. Fagfjárfestastjóðir Landsbréfa hf. eru lokaðir sjóðir og eingöngu ætlaðir fyrir fagfjárfesta. Fagfjárfestastjóðir eru því lokaðir fyrir viðskiptum almennings.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

1.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2017. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok ársins.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendra mynt er í ársreikningi fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

1.3 Umsýsluþóknun

Landsbréf - BUS I greiðir A-hluta Landsbréfa hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóðs, vörsluþóknun og umsýslu.

Umsýsluþóknunin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðsins. Hlutfallið er 0,1%.

1.4 Fjárfestingar

Verðbréf með föstum tekjum, sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði, eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra verðbréfa með föstum tekjum er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni. Sértek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélag þörf á því.

1.5 Skattamál

Fagfjárfestastjóðir B-hluta Landsbréfa hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum. Hjá lögaðilum telst hagnaður eða tap af hlutdeildarskírteinum til skattskyldra tekna eða frádráttarbærra gjalda óháð innlaun.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti skv. lögum nr. 94/1996. Þeir eru þó ekki undanþegnir fjármagnstekjuskatti í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hérlendis.

Skýringar frh.

1.6 Reiðufé

Reiðufé er laust fé á bankareikningum.

2. Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðstjórar sjóðsins leitast við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu eigna.

3. Sundurliðun fjárfestinga

Meðfylgjandi er sundurliðun á fjárfestingum og hlutfall af heildareignum í lok ársins.

	Önnur		Annað		Samtals	
	verðbréf	%		%	31.12.2016	%
Önnur framseljanleg verðbréf og peninga- markaðsgerningar						
Búseti samvinnufélag.....	3.147.390	100%	0	0%	3.147.390	100%
	3.147.390	100%	0	0%	3.147.390	100%
Reiðufé.....	0	0%	966	0%	966	0%
Aðrar eignir.....	0	0%	70	0%	70	0%
	0	0%	966	0%	1.036	0%
Eignir samtals	3.147.390	100%	966	0%	3.148.425	100%

4. Sundurliðun á breytingu stærstu eigna milli ára og hlutfall af heildareignum

Taflan sýnir stöðu á eignaflokkum í lok ársins og stöðu sömu flokka um síðustu áramót.

	Staða		Staða		Breyting	
	31.12.2016	%	31.12.2015*	%		%
Búseti samvinnufélag.....	3.147.390	100%	-	-	3.147.390	100%
Reiðufé.....	966	0%	-	-	966	0%
Aðrar eignir.....	70	0%	-	-	70	0%
Eignir samtals	3.148.425	100%	-	-	3.148.425	100%

* Sjóðurinn hóf starfsemi í desember 2016.

5. Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Engin viðskipti voru á árinu.

6. Hlutdeildarskírteini

Ávöxtun sjóðsins er bæði sýnd sem raunávöxtun og nafnávöxtun. Ávöxtunin var sem hér segir:

	Ávöxtun	Ávöxtun	Ávöxtun
	ársins 2016*	ársins 2015*	ársins 2014*
Nafnávöxtun	-	-	-
Raunávöxtun	-	-	-

* Starfsemi sjóðsins hóf starfsemi í desember 2016.

Skýringar frh.

6. Hlutdeildarskírteini, frh.

Síðastliðin þrjú ár var bókfært verð og kaupgengi hlutdeildarskírteina í mynt viðkomandi sjóðs sem hér segir:

	31.12.2016	31.12.2015*	31.12.2014*
Kaupgengi hlutdeildarskírteina	0,966	-	-
Bókf. verðmæti hlutdeildarskírteina	966	-	-

* Starfsemi sjóðsins hóf starfsemi í desember 2016.

7. Aðrar upplýsingar

Starfsemi sjóðsins hófst í desember 2016.

